

Menntaskólinn á Tröllaskaga
02 372

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntaskólinn á Tröllaskaga
Kt. 690310-0820
Ægisgötu 13, 625 Ólafsfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Tröllaskaga í Ólafsfirði og hóf störf haustið 2010. Skólinn starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Meðalnámstími til stúdentsprófs er 3 ár.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.


Á árinu 2018 var ársveltan kr. 326,7 milljónir og afkoma kr. 9,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 56,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 103,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans á Tröllaskaga í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Tröllaskaga fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Ólafsfirður 9/10 '18

Staður, dags.



Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	287.348.052	257.457.297
Aðrar tekjur	4	16.008.209	14.860.106
Seld þjónusta	5	3.099.549	2.036.692
Vörusala		22.250	236.530
Framlög og ýmsar tekjur	6	4.640.142	24.412.056
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	15.624.241	20.993.872
Tekjur samtals		326.742.443	319.996.553
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	232.562.205	210.041.323
Annar rekstrarkostnaður	8	68.980.523	58.769.851
Afskriftir	9	15.624.241	20.993.872
Gjöld samtals		317.166.969	289.805.046
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		9.575.474	30.191.507
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(71.100)	(38.555)
		(71.100)	(38.555)
Afkoma ársins		9.504.374	30.152.952

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir		2.216	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		35.033.278	43.658.673
Farartæki og vélar		(4.056)	0
Aðrar eignir		3.175.523	3.086.373
		<u>38.204.745</u>	<u>46.745.046</u>
Fastafjármunir samtals		<u>38.206.961</u>	<u>46.745.046</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	17.250.632
Tengdir aðilar	12	48.489.934	21.324.755
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	(1.023.603)	0
Handbært fé		18.187.780	22.660.891
		<u>65.654.111</u>	<u>61.236.278</u>
Veltufjármunir samtals		<u>65.654.111</u>	<u>61.236.278</u>
Eignir samtals		<u>103.861.072</u>	<u>107.981.324</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		56.496.023	46.991.649
Eigið fé samtals		<u>56.496.023</u>	<u>46.991.649</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	91.405	(82.275)
Viðskiptaskuldir		3.459.369	(180.663)
Ýmsar skammtímaskuldir	15	7.693.470	14.507.567
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	36.120.805	46.745.046
		<u>47.365.049</u>	<u>60.989.675</u>
Skuldir samtals		<u>47.365.049</u>	<u>60.989.675</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>103.861.072</u>	<u>107.981.324</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		9.504.374	30.152.952
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	15.624.241	20.993.872
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(15.624.241)</u>	<u>(20.993.872)</u>
		9.504.374	30.152.952
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		18.274.235	(15.545.253)
Skammtímaskuldir		<u>(3.174.065)</u>	<u>(8.531.091)</u>
		15.100.170	(24.076.344)
		<u>24.604.544</u>	<u>6.076.608</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(2.253)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	<u>(7.083.903)</u>	<u>(5.726.480)</u>
		(7.086.156)	(5.726.480)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(26.991.499)	6.135.399
Fjárfestingarframlag		<u>5.000.000</u>	<u>5.726.480</u>
		(21.991.499)	11.861.879
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(4.473.111)	12.212.007
		<u>22.660.891</u>	<u>10.448.884</u>
		<u>18.187.780</u>	<u>22.660.891</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stað í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Skýringar

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisýrnum. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnumartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	292.348.052	263.183.777
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(5.000.000)	(5.726.480)
Tekjufærsla fjárveitinga	287.348.052	257.457.297
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.624.241	20.993.872
	<u>302.972.293</u>	<u>278.451.169</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	282.000.000	0	0	282.000.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Launbætur	6.300.000	0	0	6.300.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(5.000.000)	0	0	(5.000.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	4.048.052	0	0	4.048.052
Fjárveiting til tekna	287.348.052	0	0	287.348.052
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(277.843.678)	0	0	(277.843.678)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	9.504.374	0	0	9.504.374

	2018	2017
4 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	16.008.209	14.860.106
	<u>16.008.209</u>	<u>14.860.106</u>

5 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	124.430	1.695.132
Fræðslustarfsemi og fundir	2.975.119	341.560
	<u>3.099.549</u>	<u>2.036.692</u>

6 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	4.640.142	24.412.056
	<u>4.640.142</u>	<u>24.412.056</u>

7 Laun og launatengd gjöld

Laun	188.976.393	175.230.287
Orlof, breyting	(1.489.667)	(6.379.188)
Launatengd gjöld	44.460.479	41.006.524
Starfsmannakostnaður	615.000	183.700
	<u>232.562.205</u>	<u>210.041.323</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	21,9	20,0
------------------------------	------	------

Skýringar

	2018	2017
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.310.089	1.120.980
Byggingarvörur, almennar	22.049	928.212
Byggingarvörur, aðrar	13.158	306.859
Tæki og búnaður til innréttinga	85.097	(17.466)
Ýmis tæki og áhöld	1.454.640	1.150.290
Varahlutir og viðhaldsvörur	24.545	0
Orkugjafar	3.163.284	2.461.625
Matvæli	1.969.851	1.854.271
Almennar rekstrarvörur	992.939	296.735
Vörukaup, almenn	9.035.652	8.101.506
Kennslu- og föndurvörur	880.622	1.744.648
Vörukaup, sérgreind	880.622	1.744.648
Fundir, námskeið, risna	3.360.917	4.151.213
Ferðir, uppihald	10.287.464	11.490.499
Akstur	4.528.565	3.259.901
Sérfræðiþjónusta	12.496.201	9.565.687
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	370.329	255.218
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	679.178	871.407
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	461.697	464.967
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	32.184.351	30.058.892
Afnotagjöld	3.775.534	2.923.313
Leigugjöld	17.496.690	13.747.454
Notkun véla og flutningatækja	339.746	392.231
Verkkaup	4.219.930	816.970
Kostnaðarhlutdeild	969.610	907.563
Opinber gjöld	50.088	42.274
Tilfærslur	28.300	35.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	26.879.898	18.864.805
Annar rekstrarkostnaður samtals	68.980.523	58.769.851
	2018	2017
9 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	15.251.002	20.501.658
Lækninga- og rannsóknartæki	258.296	344.416
Farartæki og vélar	4.056	0
Aðrar eignir	110.850	147.798
Niðurfærsla óefnislegra eigna	37	0
	15.624.241	20.993.872
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	71.100	38.555
	71.100	38.555

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	2.216	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2018:		Hugbúnaður
Viðbót á árinu		2.253
		<u>2.253</u>
Niðurfærsla ársins		37
		<u>37</u>
Staða 31.12.2018		<u>2.216</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	35.033.278	43.658.673
Farartæki og vélar	(4.056)	0
Aðrar eignir	<u>3.175.523</u>	<u>3.086.373</u>
	38.204.745	46.745.046

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	117.602.079	0	3.908.500	121.510.579
Viðbætur á árinu	<u>6.883.903</u>	<u>0</u>	<u>200.000</u>	<u>7.083.903</u>
	124.485.982	0	4.108.500	128.594.482
Afskriftir 1.1.2018	73.943.406	0	822.127	74.765.533
Afskrift ársins	<u>15.509.298</u>	<u>4.056</u>	<u>110.850</u>	<u>15.624.204</u>
	89.452.704	4.056	932.977	90.389.737
Staða 31.12.2018	<u>35.033.278</u>	<u>(4.056)</u>	<u>3.175.523</u>	<u>38.204.745</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	31.239.302	21.324.755
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	<u>17.250.632</u>	<u>0</u>
	48.489.934	21.324.755

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	(82.275)
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	<u>91.405</u>	<u>0</u>
	91.405	(82.275)

13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	(1.023.603)	0
	<u>(1.023.603)</u>	<u>0</u>

Skýringar

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	46.991.649	(411.935)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	17.250.632
Afkoma ársins	9.504.374	30.152.952
Jöfnuður 31.12.	56.496.023	46.991.649

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 17,3 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	7.697.003	10.871.444
Ógreidd laun	0	532.842
Önnur ógreidd gjöld	(3.533)	3.103.281
	7.693.470	14.507.567

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	38.206.961	46.745.046
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(2.086.156)	0
	36.120.805	46.745.046

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	46.745.046	0	46.745.046
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	0	0
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		5.000.000	5.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7.083.903	(7.083.903)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	2.253	(2.253)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(15.624.241)	0	(15.624.241)
	38.206.961	(2.086.156)	36.120.805

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 14 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 18 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.